



ÚTLAGARNIR  
SCARLETT  
& BROWNE

FRÁSÖGN AF FÍFLDJÖRFUM HETJU-  
DÁÐUM OG BIRÆFNUM GLÆPUM

JONATHAN  
STROUD

# 1

**G**UL MORGUNSÓLIN SENDI GEISLA SÍNA YFIR VARNARGARÐANA þegar Scarlett McCain vaknaði með fjóra dauða menn sér við hlið. Fjóra! Hún hafði ekki áttað sig á því fyrr en núna að þeir væru svona margir. Ekki að furða þótt hún væri með harðsperrur!

Hún hvolfdi bænammottunni úr rörinu og rúllaði henni út á jörðina. Settist á hana með krosslagða fætur og reyndi að hugleiða. Ekki séns, ekki með fjögur lík starandi á hana og áverka eftir hnífsstungu á upphandlegg sem ákafur púls var í. Stúlka getur ekki einbeitt sér við slíkar aðstæður. Hún þurfti að borða eitthvað og fá sér kaffi.

Hún stóð á fætur og starði á líkið sem var næst henni. Þetta var feitur, svartskeggjaður skógarmaður, klæddur gallaskyrту og gallabuxum. Hann leit út fyrir að vera nógu gamall til að geta verið pabbi hennar. Kannski var þetta pabbi hennar. Andlitið, hálf ofan í drullu og grjóti, var árásgjarnt á svip.

„Jebb, við erum öll með vandamál,“ sagði Scarlett, „ef þú reynir að ræna mig, þá svara ég svona fyrir mig.“ Hún klofaði yfir manninn og fór niður að vatninu til athuga dýragildrurnar. Enn á ný var lukkan ekki í hennar liði. Gildrurnar voru brotnar og snöruurnar sundurnagaðar. Við enda blóðslóðar lá höfuð af kanínu, reist upp á rönd í sveigðu og blautu grasinu. Löng ryðbrún eyrun stóðu beint upp í loft, eins og þau væru að mynda sigurmerkið. Engu var líkara en fenjarotturnar hefðu vísvitandi skilið þetta eftir svona. Scarlett McCain bölvaði af innlifun og horfði um leið í átt til skógarins. Síðan tók hún penni úr vasanum og setti í blótpyngjuna úr leðri sem hún bar um hálsinn. Strax byrjuð! Og hún sem var ekki einu sinni búin að fá sér morgunmat.

Þegar hún kom aftur í búðirnar lagaði hún kaffi yfir glæðum varðelds næturinnar. Hún drakk kaffið standandi, síaði gruggið gegnum tennurnar og spýtti svörtum korginum í straumharða ána. Dagurinn leit út fyrir að verða heiður; kaldur í fyrstu, en hann ætti að haldast þurr. Hæðarbrúnirnar voru slegnar smjörgylltum lit, vesturhlíðin var enn dökk og blá. Í fjarska, þar sem hæðirnar lágu að Skógunum handan við fenin, sá Scarlett glitta í götuljósinn handan við virkisvegginn í Cheltenham. Meðan hún virti þau fyrir sér var slökkt á ljósavél bæjarins og ljósinn slökknuðu. Eftir háltíma yrðu hliðin opnuð og þá kæmist hún inn.

Hún rúllaði upp mottunni, setti hana aftur í rörið og náði svo í brennisteinsstangirnar. Tvær þeirra höfðu orðið fyrir hnjaski í bardaganum, en þrjár voru í lagi: lyktin hafði haldið fenjarottunum í burtu um nóttina. Scarlett hristi höfuðið. Svo var komið að ekki var hægt að fá sér smá lúr án þess að eiga á hættu að einn þessara broddkenndu bastaða læddist út úr

runna og biti af manni nefið. Stærri rotturnar áttu það til. Hún þekkti fólk sem hafði lent í því.

Hún beygði sig yfir bakpokann, losaði tvær tómar flöskur og fór með að ánni. Einn mannanna, sem hún hafði drepið, lá hálfur í kafi, andlitið sneri upp, ljóst hárið hringstærst með vatnagróðrinum og hvít hönd flaut yfir steinvölunum eins og krumpaður og samandreginn krossfiskur. Scarlett gekk upp eftir ánni í átt frá skrokknum. Hún vildi ekki smitast af neinu.

Þegar hún óð út í ána til að fylla á flöskurnar skjáfaði í víðum brúnum leðurjakkanum þar sem hann straukst við reyrstafina. For og vatn náði upp eftir stígvélunum. Hún sá glitta í fölt hringlaga andlit sitt, aflagað undir gárunum. Scarlett brosti og andlitið brosti til baka. Sítt rautt hárið var í meiri flækju en vatnagróðurinn. Hún yrði að laga það áður en hún færi inn í bæinn.

Hún var að skrúfa tappann á aðra flöskuna þegar hún fékk gæsaúð í hnakkagrófina. Hún leit við, strax komin í viðbragðsstöðu, öll skynfæri þanin.

Sólin hækkaði á lofti yfir Óbyggðunum í Wessex og eldgullinn roðinn boðaði gott. Ekki bærðist hár á höfði. Á stöðuvatninu hékk vatnið í reyrstilkunum, flatt og slétt eins og gler.

Scarlett stóð hreyfingarlaus, með flösku í hvorri hendi og reyndi að útiloka alla tilfinningu svo skynjunin gæti flætt inn. Hún skannaði umhverfið hægt og rólega.

Engin aðvífandi hætta var sjáanleg, en hún lét ekki blekkjast. Eitthvað hafði komið út úr skóginum, lokkað af lyktinni af blóði.

Hvar gæti það falið sig?

Ekki langt frá ströndinni, miðja vegu milli stöðuvatnsins

og skógarins, stóðu rústir fornra bygginga upp úr þýfðu grasi. Bráðnir veggirnir voru eins og klettatindar, harðari en bjarg og runnir saman við umhverfið í svart og framandi form. Fuglar hringuðu sig á lofti í hópum og stungu sér niður eins og blaktandi fáni og fóru síðan í einni stroku yfir í skóginn. Hún kom ekki auga á neitt annað, og ekkert hljóð heyrðist.

Scarlett gekk aftur að bakpokanum, festi flöskurnar og stangirnar á sinn stað og setti svo pokann á bakið. Hún sparkaði mold yfir eldinn og gekk rólega hringinn í kring svo hún gæti rannsakað umhverfið um leið. Ef hún hefði haft tíma hefði hún leitað á líkum útlaganna að einhverju nýtilegu en núna vildi hún bara komast burt. Hún athugaði lauslega skeggjaða manninn – enn einn bóndinn sem hafði neyðst til að bregða búi og hélt að hnífur, ístra og vont innræti gæfu honum rétt til að ráðast á stúlku sem sat ein við varðeld. Hnífurinn var ekki eins beittur og sá sem Scarlett var með í beltinu, en hann var með samlokur í vaxpappír í jakkavasanum. Þá var hádegismatnum reddað.

Hún yfirgaf tjaldbúðirnar og barði sér leið í gegnum hátt og blautt grasið. Skýin náðu ógnarhæðum í vesturátt, bleik og hvít skýjafjöll gnæfðu yfir landamærum Wales. Scarlett gekk í átt frá stöðuvatninu og stefndi beint á tindana. Betra var að mæta skepnunni núna, á opnu svæði með sólina í bakið, en láta hana elta sig yfir varnargarðana. Feluleikur var ekki í uppáhaldi hjá henni.

Þegar hún var í um það bil 45 metra fjarlægð frá múrveggnum nam hún staðar og beið átekta. Eitthvað langt og líðandi um eins og myrkur smaug niður brúnina og stökk fjaðurmagnað inn í sólskinið. Þetta var bröndóttur úlfur, grár og svartur, fullvaxið dýr, tvöfalt lengri en hæð Scarlettar. Hann

hélt höfðinu niðri en herðablöðin sveifluðust letilega og náðu henni næstum upp í bringu. Rafgul augun einblíndu á hana. Úlfurinn nálgast hana í makindum, vaggast yfirlætislega eins og söluaður í þann mund að landa samningi. Ekkert fát, ekkert fum. Ekkert sem kæmi í veg fyrir að hann kláraði verkið.

Hönd Scarlettar færðist rólega að beltinu. Að öðru leyti stóð hún bara þarna; fingurð, grönn mannvera í snjádum brúnum jakka með þungan bakpoka og rör og flöskur og allan þann útbúnað sem stelpur í Óbyggðum þurfa á að halda.

Úlfurinn hægði á sér. Þegar hann var í rúmlega fimm metra fjarlægð nam hann staðar. Hann lyfti höfðinu sem var nú jafnhátt og höfuð Scarlettar og hún og dýrið mældu hvort annað út. Scarlett tók eftir blautum vígtönnunum, svörtum vörunum; greindinni sem geislaði úr augnaráðinu. Ef til vill hafði úlfurinn líka tekið eftir einhverju í fari Scarlettar McCain. Hann sneri hausnum; skyndilega tólti hann fram hjá henni og hélt á brott. Þykkt, hvasst skottið slóst í andlit hennar og hvarf.

Stúlka og skepna aðskilin. Úlfurinn gekk í hægðum sínum í átt að vatninu, leiddur áfram af lyktinni af líkunum. Scarlett tók greiðu úr vasanum og renndi í gegnum verstu flókana. Síðan fann hún tyggjó, strekkti á böndunum á bakpokanum, færði byssuhulstrið aftur og tók stefnuna á fjarlæga borg.

Nóg var komið af slóri. Tími til kominn að halda áfram með verkið. Tími til kominn að sýna hvernig á að fremja rán.

